

Ed. **840. Breytingartillögur** [302. mál]

við frv. til l. um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum.

Frá 1. minni hl. samgöngunefndar (EgJ, VI, TÁ).

1. Við 3. gr. 2. mgr. orðist svo:
Til starfstíma má einnig telja starfstíma við vélarupptekt um borð í skipi, í vélsmiðju eða í annarri sambærilegri málmíðnaðargrein.
2. Við 5. gr. Á eftir 1. másl. 3. mgr. komi nýr másl. er orðist svo: Nemendur vélskóla, sem sigla á undanþágu milli námsára, eiga rétt á endurgreiðslu gjaldsins, haldi þeir áfram námi á næsta námsári, gegn framvísun á vottorði frá viðkomandi skóla þar um.
3. Við 6. gr. Aftan við 1. tl. bætist: til fjölgunar eða fækkunar.